

# KONUR, FÍKN, ÁFÖLL OG MEÐFERÐ

Ráðstefna á Grand Hótel Reykjavík, 1.-2. september 2015

*Lokaskýrsla til styrktaraðila  
9. desember 2015*



RIKK  
RANNSÓKNASTOFNUN  
Í JAFNRÉTTISFRÆÐUM



## Efnisyfirlit

Bakgrunnur .....	3
Skipuleggjendur .....	3
Markmið ráðstefnunnar .....	3
Hagnýtar upplýsingar .....	4
Fyrirlesarar og þátttakendur .....	4
Ráðstefnugestir .....	5
Fjármögnun og samstarf.....	5
Kostnaður .....	6
Kynningarmál.....	7
Lokaorð .....	8

## Bakgrunnur

Á haustmánuðum 2013 hófust samræður á milli RIKK og Rótarinnar – félags um málefni kvenna með áfengis- og fíknivanda um samstarf um að stuðla að rannsóknum og ráðstefnu um konur og fíkn. Á vormánuðum 2014 var byrjað að leita að fyrirlesurum og var strax ljóst að mikill áhugi væri fyrir þátttöku. Endanleg ákvörðun um tímasetningu ráðstefnunnar var tekin í mars 2015 þegar ljóst var að Dr. Stephanie Covington, einn helsti frumkvöðull heims í kynjafræðilegri nálgun á meðferð, hefði mikinn áhuga á að koma á ráðstefnuna. Hún var á leið til Bretlands í byrjun september 2015 og sá sér fært að koma hér við. Tímasetning ráðstefnunnar var því fastsett og undirbúningur hafinn á fullum krafti.

RIKK – Rannsóknarstofnun í jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands tók að sér að skipuleggja ráðstefnuna en fjáröflun var í höndum Rótarinnar. Kristín I. Pálsdóttir verkefnisstjóri RIKK, sem einnig er talskona Rótarinnar, hélt utan um verkefnið. Ráðstefnan fór fram á Grand Hótel 1.-2. september 2015.

Óhætt er að segja að ráðstefnan hafi farið fram úr væntingum hvað varðar ánægju þátttakanda og fjölda þeirra.

## Skipuleggjendur

Rótin – félag um málefni kvenna með fíknivanda hafði frumkvæði að ráðstefnunni en RIKK – Rannsóknarstofnun í jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands sá um framkvæmd hennar.

Í stýrihópi ráðstefnunnar sátu, ásamt Kristínu verkefnisstjóra, Hildigunnur Ólafsdóttir afbrotufræðingur frá ReykjavíkúAkademíunni og Hugrún R. Hjaltadóttir sérfræðingur frá Jafnréttisstofu. Ráðgjafar stýrihópsins voru þær Berglind Guðmundsdóttir, doktor og dósent í sálfræði við læknadeild HÍ og yfirsálfræðingur Landspítala og Arna Hauksdóttir, doktor í heilbrigðisvísindum og dósent við Læknadeild HÍ og Miðstöð í lýðheilsuvísindum.

Stýrihópurinn hittist þrisvar sinnum fyrir ráðstefnuna, og í fjórða og síðasta sinn 8. desember 2015. Hildigunnur tók virkan þátt í að finna þátttakendur í dagskrá. Á fundum var fjallað um ráðstefnulýsinguna, tillögur að fyrirlesurum, ráðstefnustað, kostnaðaráætlun og almennt utanumhald.

## Markmið ráðstefnunnar

Tilgangur ráðstefnunnar var að auka skilning og þekkingu á kynjafræðilegu sjónarhorni á fíkn, áföll og meðferð og á nauðsyn kynjamiðaðrar meðferðar. Markmið voru að stefna saman norrænum og alþjóðlegum sérfræðingum og fagfólki í meðferðar- og félagsþjónustu til að deila þekkingu um konur og tengsl áfalla og fíknar, fræða um nauðsyn áfallamiðaðrar nálgunar í meðferð og hvernig á að byggja upp áfallamiðaða þjónustu, hvetja til myndunar samstarfsneta sem fjalla um konur og fíkn, bjóða upp á vinnustofu fyrir konur með fíknivanda og áfallareynslu og vinnustofur fyrir fagfólk sem vinnur með konum með fíknivanda.

## Hagnýtar upplýsingar

Ráðstefnan var haldin á Grand Hótel, Sigtúni, og var öllum opin þó að markvisst hafi verið unnið að því að fá fagfólk sem kemur að málum fólks með fíknivanda á ráðstefnuna. Heimasiða ráðstefnunnar var sett upp á vefsetri RIKK, <https://rikk.hi.is/dagskra/haust-2015/radstefna-um-konur-fikn-afoll-og-medferd/>, og var opnuð í júlí 2015. Skráningargjald fyrir þátttöku báða daga 6.000 kr. Allar upplýsingar um ráðstefnuna eru aðgengilegar á heimasíðu RIKK og dagskrá hennar fylgir í viðhengi.

Ráðstefnan var haldin á ensku og glærur fyrirlesaranna eru aðgengilegar á vef RIKK.

## Fyrirlesarar og þátttakendur

Alls tóku 8 erlendir fræðimenn, fagfólk og nemendur við Grænlandsháskóla þátt í ráðstefnunnis ásamt tveimur íslenskum fyrirlesurum. Þá var Kristín Ástgeirsdóttir framkvæmdastýra Jafnréttisstofu fundarstjóri ásamt Kristínu I. Pálsdóttur.

- **Dr. Stephanie S. Covington** var aðalfyrirlesari ráðstefnunnar og bauð upp á vinnustofur fyrir fagfólk og konur sem glímt hafa við fíknivanda. Hún er starfandi sálfræðingur, rithöfundur, ráðgjafi opinberra, aðila og stofnana, og fyrirlesari og frumkvöðull í rannsóknum og meðferð kvenna að því er varðar fíkn og bata frá henni.
- **Dr. Berglind Guðmundsdóttir** er dósent í sálfræði við Læknadeild HÍ og yfirsálfræðingur Landspítala – Háskólasjúkrahúsi. Berglind lauk doktorsprófi frá Ríkisháskóla New York í Buffalo í Bandaríkjunum árið 2006 og sérhæfði hún sig í kvíðaröskunum og áhrifum áfalla.
- **Dr. Johan Edman** er dósent í sögu og gegnir stöðu forstöðumanns við SoRAD, Rannsóknarstofnun um félagslegar rannsóknir um áfengi og fíkniefni við Stokkhólmsháskóla. Rannsóknir Johans hafa snúist um félagslega útskúfun og jaðarsetningu og hlutverk fíknimeðferðar í sænska velferðar-ríkinu.
- **Sigrún Sigurðardóttir** er lektor á heilbrigðisvísindasviði háskólans á Akureyri og doktorsnemi við Háskóla Íslands. Sigrún er sérfræðingur í erfiðum upplifunum í æsku og áhrifum þeirra á heilsufar og líðan síðar á ævinni.
- **MarieKathrine Poppel** er MA í félagsráðgjöf og aðjúnkt við félagsráðgjafadeild háskólans á Grænlandi í Nuuk. MarieKathrine beinir rannsóknum sínum að heimilisofbeldi – ofbeldi karla gegn konum, kynferði og jafnrétti.
- **Grethe Kramer Berthelsen** er framkvæmdastjóri meðferðarstöðvarinnar Katsorsaavik í Nuuk á Grænlandi.
- **Sara Abelsen** formaður Félagsráðgjafafélags Grænlands (N.I.I.S.I.P.).
- Þrír nemendur við Háskólann á Grænlandi tóku einnig þátt þau **Vivi Johansen, Rie Nielsen** og **Naja Aputsiaq Svane**.

## Ráðstefnugestir

Ráðstefnugestir voru alls um 240. Fyrri daginn var dagskráin í stærsta sal Hótel Grand, Gullteigi og þurfti að bæta við borðum þar sem á milli 20 og 30 manns mættu óskráðir. Seinni daginn, í vinnustofum Stephanie Covington, sátu um 120 manns, í salnum Hvammi, og þá mættu um 50 í sérstaka vinnustofu fyrir konur í 12 spora vinnu.

## Fjármögnun og samstarf

Rótin hafði, eins og áður segir, frumkvæði að ráðstefnunni en RIKK – Rannsóknarstofnun í jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands sá um framkvæmd hennar. Aðrir samstarfsaðilar voru Jafnréttisstofa, Rannsóknarstofnun um áfengi og vímuefni við Stokkhólmsháskóla, Heilbrigðisráðuneyti Grænlands, Rannsóknarstofnun um samfélag, efnahag og fjölmiðlun við Háskólann á Grænlandi, Reykjavíkurborg, Miðstöð í Lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands og ReykjavíkurAkademían.

Rótin sá um fjármögnun ráðstefnunnar að mestu leyti og fór hún aðallega fram með tvennum hætti. Sótt var um styrki til Reykjavíkurborgar og ríkis annars vegar og hins vegar var leitað til fyrirtækja og sendur póstur á yfir 100 fyrirtæki þar sem óskað var fjárstuðnings. Árdís Þórðardóttir gjaldkeri Rótarinnar hafði umsjón með fjáröfluninni.



RIKK  
RANNSÓKNASTOFNUN  
Í JAFNRÉTTISFRÆÐUM



REYKJAVÍKURAKADEMÍAN



Reykjavíkurborg



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ



Jafnréttisstofa



HÁSKÓLI ÍSLANDS



Stockholm  
University



University of Greenland

## Kostnaður

Heildarkostnaður við ráðstefnuna var tæplega fjórar milljónir og er það alveg í samræmi við áætlanir. Meðfylgjandi er bráðabirgðauppgjör, enn eru örfá atriði ófrágengin, þar á meðal tvær styrkbeiðnir sem beðið er svara við. Stærsti styrktaraðili ráðstefnunnar er Fræðslusjóður Rótarinnar en Reykjavíkurborg styrkti einnig myndarlega. Þá fékkst 300.000 kr. styrkur frá velferðarráðuneyti.

<b>Ráðstefna um konur, fíkn, áföll og meðferð - Uppgjör</b>	
Haldin í Reykjavík 1.-2. september 2015 í samstarfi Rótarinnar, RIKK, Reykjavíkurborgar, velferðarráðuneytis, Jafnréttisstofu, SoRad, heilbrigðisráðuneytis Grænlands, Háskólans á Grænlandi	
<b>INNKOMA:</b>	
Ráðstefnugjöld	942.000,00 kr.
Reykjavíkurborg - Mannréttindanefnd - Styrkur	250.000,00 kr.
Reykjavíkurborg - Borgarráð - Styrkur	500.000,00 kr.
Velferðarráðuneytið - Styrkur	300.000,00 kr.
Minningarsjóður Sissu - Styrkur (Ógr.)	200.000,00 kr.
Dagsverk Virðingar - Styrkur	200.000,00 kr.
Happadrætti HÍ - Styrkur	100.000,00 kr.
Aðrir styrkir frá fyrirtækjum og félögum, samtals	435.000,00 kr.
Fræðslusjóður Rótarinnar	778.297,00 kr.
<b>HEILDAR INNKOMA RÁÐSTEFNUNNAR</b>	<b>3.705.297,00 kr.</b>
<b>ÚTSTREYMI:</b>	
Þóknun Dr. Covington	750.000,00 kr.
Ferðakostnaður fyrirlesara	624.274,00 kr.
<b>Heildarútsreymi vegna fyrirlesara</b>	<b>1.374.274,00 kr.</b>
Gisting alls	281.000,00 kr.
Salarleiga og veitingar alls	1.423.600,00 kr.
<b>Útsreymi vegna viðskipta við Grand Hótel</b>	<b>1.704.600,00 kr.</b>
Ráðstefnugögn	45.008,00 kr.
Kynningarkostnaður	71.523,00 kr.
Facebook-auglýsingar	30.000,00 kr.
Verkefnisstjórn RIKK	450.000,00 kr.
<b>Útsreymi vegna kynningar og stjórnar</b>	<b>551.523,00 kr.</b>
<b>HEILDARÚTSTREYMI RÁÐSTEFNUNNAR</b>	<b>3.705.297,00 kr.</b>

ASÍ, ÁTVR, BSRB, Deloitte, Elding, Ernst & Young, Eyrir Invest ehf., Hótel Holt, Icepharma, Tandur ehf. ásamt einum aðila sem ekki vildi láta nafn síns getið styrktu ráðstefnuna samtals um 435.000 kr.

Þá skal þess getið að ráðskonur í Rótinni unnu í sjálfböðastarfi við innskráningu og annað á ráðstefnunni og einnig aðstoðuðu þær Marta Birna Baldursdóttir, verkefnastjóri EDDU öndvegisseturs við HÍ og Kristjana Sigurbjörnsdóttir, verkefnastjóri hjá UNU-GEST við HÍ.

## Kynningarmál

Formleg kynning á ráðstefnunni hófst á vormánuðum 2015. Búin var til sérstök síða á vef RIKK fyrir ráðstefnuna og Facebook-síður RIKK og Rótarinnar voru nýttar til að auglýsa ráðstefnuna og keyptar auglýsingar þar. Þá voru sendir um 250 tölvupóstar á valda aðila, fagfólk, stofnanir og félag. Sú vinna skilaði sér vel. Jafnréttisstofa keypti svo auglýsingu í Fréttablaðið. Þá var tengslanet RIKK og Rótarinnar vel nýtt til að kynna ráðstefnuna.

Ráðstefnan fékk talsverða umfjöllun í fjölmiðlum:

- [Mannlegi þátturinn](#). Viðtal við Kristínu I. Pálsdóttur um ráðstefnuna í Mannlega þættinum á RÚV, 24. júní 2015.
- [„Aldrei of seint að vinna með áföll“](#). Viðtal við Berglindi Guðmundsdóttur í Morgunblaðinu, 27. ágúst 2015.
- [Mannlegi þátturinn](#). Viðtal við Kristínu I. Pálsdóttur og Sigrúnu Sigurðardóttur um ráðstefnuna í Mannlega þættinum á RÚV, 27. ágúst 2015.
- [„Konur verða að fá sérstakt meðferðarúrræði“](#). Viðtal við Sigrúnu Sigurðardóttur í Fréttatímanum, 28. ágúst 2015.
- [„Að viðurkenna vandann“](#). Leiðari Fréttablaðsins og Vísis.is eftir Fanney Birnu Jónsdóttur, 2. september 2015.
- [„Íslendingar eftirbátar í meðferðarmálum“](#). Viðtal við Stephanie Covington í Vísi.is og Fréttablaðinu, 2. september 2015.
- [„Það var hlegið að mér í tuttugu ár“](#). Viðtal við Stephanie Covington í Fréttablaðinu, 5. september 2015.
- [„Föstudagsviðtalið: Sigrún Sigurðardóttir“](#). Viðtal við Sigrúnu Sigurðardóttur á Vísi.is og í Fréttablaðinu, 18. september 2015.
- [„Karlar í fangelsum og konur á spítölum“](#) Viðtal við Sigrúnu Sigurðardóttur á Vísi.is og í Fréttablaðinu, 18. september 2015.
- [„Hugarfarsbreyting og bylting“](#). Grein eftir ráðskonur í Rótinni í Morgunblaðinu, 18. september 2015.
- [„Vill kynjaskipt úrræði við áföllum“](#). Frétt á Hringbraut, 18. september 2015.
- [„Áfallameðvituð þjónusta“](#). Grein eftir ráðskonur í Rótinni í Fréttablaðinu og á Vísir.is, 1. október 2015.

## Lokaorð

Í þessari skýrslu hefur verið greint frá undirbúningi, fjármögnun og framkvæmd ráðstefnu um konur fíkn, áföll og meðferð. Óhætt er að segja að ráðstefnan hafi heppnast mjög vel. Aðsókn fór fram úr björtustu vonum og var það samdóma álit að ráðstefnan hafi verið mjög vel heppnuð í alla staði. Fréttir bárust af því að þrír aðilar séu að taka upp aðferðir Stephanie Covington eftir ráðstefnuna hér á landi og á Grænlandi.

Það er mat aðstandenda ráðstefnunnar að markmiðunum sem lagt var upp með hafi verið náð og að hún hafi verið mikilvægt skref í því að opna umræður um kynjafræðilegt sjónarhorn á meðferð.